

Sb.

67. Tillaga til þingsályktunar

[61. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1977—1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

Alþingi ályktar samkvæmt 10. gr. hafnalaga, nr. 45 24. apríl 1973, að árin 1977—1980 skuli stefnt að því að verja til almennra hafnarframkvæmda úr ríkissjóði fjárhæðum, sem svara til ríkishluta framkvæmda þeirra, sem lýst er í áætlun Hafnamálastofnunar ríkisins um hafnarframkvæmdir á áðurgreindu tímabili og útbýtt er jafnframt þingsályktunartillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þáلتillaga þessi um hafnarframkvæmdir árin 1977—1980 er lögð fyrir Alþingi í samræmi við hafnalög nr. 45/1973, en í III. kafla laganna segir m. a. svo í 10. gr., er fjallar um framkvæmdaáætlanir, að gerð skuli hafnargerðaáætlun á tveggja ára fresti til fjögurra ára í senn og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þáلتill. og óðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þetta er í annað sinn, sem hafnargerðaráætlun er lögð fyrir Alþingi sem þáلتill., en fyrri tillagan var lögð fram vorið 1975. Varð þá samkomulag um það á Alþingi, að hún skyldi ekki afgreidd formlega.

Áætlun Hafnamálastofnunar ríkisins, sem liggur hér til grundvallar og útbýtt er samhliða þessari þáلتillögu, er að stofni til gerð haustið 1976, og er allur framkvæmdakostnaður í skýrslunni miðaður við verðlag í árslok 1976. Áætlunin var notuð til viðmiðunar við skiptingu fjárlagafjár til einstakra hafna 1977 og jafnframt kynnt fjárveitingarnefnd og þingmönnum einstakra kjördæma. Tók sú kynning og breytingar á áætluninni í framhaldi af henni verulegan tíma, og var því talið rétt sl. vor að fresta framlagningu þáلتill. til yfirstandandi þings.

Áætlunin er byggð á óskum hafnarstjórna um framkvæmdir og mati Hafnamálastofnunarinnar á raunhæfri framkvæmdaþörf á hverjum stað. Með tilliti til þess fjármagns, sem unnt er og eðlilegt má telja að verja til hafnarframkvæmda er þó ljóst, að allar óskir verða ekki uppfylltar á þessu 4 ára tímabili.

Óhægt er um allan verðsamanburð, þar sem kostnaðartölur í áætluninni eru þegar orðnar of lágar. Framkvæmdir á yfirstandandi ári ættu þó að standast nokkurn veginn, en til þeirra er varið á fjárlögum 931.6 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1978 er ríkishluti almennra hafnarframkvæmda áætlaður 1 170 millj. kr., en hefði til að ná því framkvæmdamagni, sem gert er ráð fyrir í áætluninni, þurft að vera um 1 400 millj. kr., eins og samgöngurn. lagði til við gerð fjárlagafrv. Munar því hér um 230 millj. kr., en þess ber að gæta, að fjárveitinganefnd á eftir að fjalla um málið.

Rétt er að vekja athygli á, að áætlunin nær aðeins til svokallaðra almennra hafna, sem yfirleitt njóta 75% ríkisframlags. Hún nær hins vegar ekki til framkvæmda við landshafnir og ferjuhafnir, sem greiddar eru að fullu af ríkissjóði, og heldur ekki til Reykjavíkurhafnar, sem greiðir sjálf allar sínar framkvæmdir. Loks nær ályktunin ekki til framkvæmda við höfn á Grundartanga, en þótt sú hafnargerð falli undir hafnarlögin að öllu leyti, er hún nokkuð sérstaks eðlis og verður um sérstaka fjáröflun til hennar að ræða.

Að öðru leyti vísast til áætlunarinnar, sem afhent er hér jafnhliða.